

Innviðaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Sendandi: Innviðaráðuneytið
Dagsetning: 29.03.2023
Málsnúmer: IRN22060158
Bréfalykill: 2.1

Efni: Frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgangna, húsnæðis-, skipulags- og byggðamála - viðbrögð við umsögnum

Að beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis hefur ráðuneytið tekið saman minnisblað um viðbrögð við þeim umsögnum sem nefndinni hafa borist við frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaráætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála, þingskjal 1119, 735. mál.

Í upphafi vill ráðuneytið lýsa ánægju sinni með þann stuðning sem áform þess um aukna samhæfingu áætlana fá í öllum framkomnum umsögnum um frumvarpið. Það er ljóst að mikil eftirspurn er eftir nýrri hugsun í opinberri stefnumótun og áætlanagerð. Í umsögnum Bændasamtaka Íslands og Samtaka iðnaðarins er kallað eftir enn víðtækari samhæfingu á stefnumörkun innan Stjórnarráðsins. Ráðuneytið tekur undir þá þörf og vísar til eftirfarandi ummæla í greinargerð frumvarpsins: „Rétt er að taka fram að þó að áherslan hér sé á að samhæfa stefnumótun á sviði ráðuneytisins er ekki dregið úr mikilvægi þess að horft sé einnig til stefnumörkunar á öðrum sviðum, ekki síst á sviði orku- og loftslagsmála. Hlýtur það að vera langtímamarkmiðið að festa í sessi samhæfingu allrar stefnumörkunar hins opinbera.“ Felur frumvarpið í sér næsta skref á þessari leið, en því má bæta við að ráðuneytið hefur þegar hafið undirbúning heildstæðrar stefnumörkunar í mannvirkjamálum.

Í umsögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga, Byggðastofnunar og Vegagerðarinnar eru gerðar athugasemdir við að markmið einstakra áætlana verði ekki lengur skilgreind í lögum, verði frumvarpið lögfest. Í stað þeirra komi almennt orðað markmiðsákvæði frumvarpsins. Ráðuneytið vill af því tilefni ítreka að það er meginmarkmið frumvarpsins að samhæfa stefnumótun ráðuneytisins. Það er því mikilvægt að sameiginlegt leiðarljós stýri þessari áætlanagerð þó nánari markmiðssetning verði í hverri stefnu fyrir sig. Um þetta segir í greinargerð frumvarpsins:

„Mikil áhersla er lögð á að stefnurnar séu samhæfðar, þær styðji hver aðra og séu byggðar á heildstæðri stefnumörkun ráðherra. eru þar meginmarkmið að innviðir mæti þörfum samfélagsins og að til staðar séu sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um land allt. Samnefnarinn er búsetufrelsi, þ.e. að fólk geti búið sér heimili þar sem það helst kýs, í því búsetuformi sem því hentar og það njóti sambærilegra umhverfisgæða, innviða og opinberrar þjónustu hvar á landinu sem er. Þá verður eftir sem áður byggt á þeim megináherslum sem legið hafa til grundvallar áætlunum til þessa, svo sem að stuðla að greiðum, hagkvæmum, öruggum og umhverfislega sjálfbærum samgöngum, jákvæðri byggðaðróun og öruggu húsnæði fyrir landsmenn.“

Til að undirstrika þetta mætti í ljósi umsagnanna bæta við eftirfarandi nýjum málslið við 4. gr. frumvarpsins: *Við mótun tillagnanna skal því horft til sameiginlegra leiðarljósa en jafnframt útfæra nánari markmiðssetningu á hverju sviði fyrir sig.*

Í umsögnum Byggðastofnunar og Vegagerðarinnar eru gerðar athugasemdir við að stofnanirnar muni samkvæmt frumvarpinu ekki lengur eiga skipaða fulltrúa í viðkomandi ráð sem hafi yfirumsjón með undirbúningi tillagna ráðherra. Að mati ráðuneytisins er þessi gagnrýni á misskilningi byggð enda er á engan hátt tilgangurinn að draga úr aðkomu umræddra stofnanna að undirbúningi þingsályktunartillagnanna. Vísast um það í eftirfarandi umfjöllun í greinargerð frumvarpsins:

„Þó að ekki sé gert ráð fyrir því að forstöðumenn stofnana og starfsmenn ráðuneytisins verði skipaðir í ráðin eins og nú er munu þeir sem fyrr taka mikinn þátt í vinnu þeirra ásamt öðrum fulltrúum stofnana og sérfræðingum. Þá er ljóst að tillögur ráðanna verða byggðar á þeirri undirbúningsvinnu sem unnin er í ráðuneytinu og stofnunum þess, þ.e. Byggðastofnun, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Samgöngustofu, Skipulagsstofnun og Vegagerðinni, í samræmi við lögbundið hlutverk þeirra og áherslur ráðherra.“

Í umsögn Byggðastofnunar er umfjöllun um hlutverk stýrihóps stjórnarráðsins en ákvæði um skipan og hlutverk hans verða skv. frumvarpinu flutt úr lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir yfir í hin nýju lög sem leysa þau af hólmi. Ráðuneytið bendir á í þessu sambandi að þó ákvæði um stýrihópinn séu einfölduð er ekki gert ráð fyrir að breytingar verði á starfsemi og hlutverki hans, verði frumvarpið að lögum.

Samband íslenskra sveitarfélaga fjallar í umsögn sinni um tilgang og gerð landskipulagsstefnu og telur tilefni til þess að tekin verði vönduð umræða um hvernig til hafi tekist með núgildandi stefnu og jafnframt mótuð sýn á landskipulagsstefnu til framtíðar. Vegna þessa vill ráðuneytið taka fram að með frumvarpinu er ekki raskað þeim grundvelli landskipulagsstefnu sem lagður er í skipulagslögum. Aðeins er um að ræða þær lágmarksbreytingar sem nauðsynlegar eru til samræmingar við aðra stefnumörkun á málefnasviði ráðuneytisins. Því gefur frumvarpið ekki tilefni til umfjöllunar um grundvöll og tilgang landskipulagsstefnu á breiðum grunni. Sambandið gerir einnig athugasemd við að til standi að fella á brott ákvæði 4. mgr. 10 gr. skipulagslaga. Sú athugasemd er hins vegar á misskilningi byggð, frumvarpið felur ekki í sér breytingar á því ákvæði.

Öryrkjabandalag Íslands leggur til í umsögn sinni að samtökin fái að tilnefna fulltrúa í þau ráð sem skipuð verða skv. 5. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið bendir á í því sambandi að hlutverk ráðanna er að hafa yfirumsjón með undirbúningi tillagna ráðherra að stefnum og áætlunum og gæta jafnframt að samhæfingu þeirra. Ráðin eru því aðeins skipuð fulltrúum ráðherra, auk fulltrúa sveitarstjórnarstigsins. Í frumvarpinu er hins vegar lögð mjög rík áhersla á gott samráð við hagsmunaaðila og almenning allan við undirbúning og mótnun umræddra þingsályktunartillagna. Er Öryrkjabandalagið einn lykilaðila í slíku samráðsferli.

Í umsögn sinni leggur Vegagerðin til að kveðið verði á um endurskoðun aðgerðaáætlunar samgöngustefnu á að minnsta kosti tveggja ára fresti. Að mati ráðuneytisins er sú leið sem lögð er til í frumvarpinu markvissari og skilvirkari. Samkvæmt því leggur ráðherra fram stefnu og aðgerðaáætlun á hverju sviði fyrir sig á hverju kjörtímabili og er þá miðað við að það sé að jafnaði gert innan árs frá upphafi kjörtímabilsins. Ef forsendur breytast eða tilefni er til að öðru leyti leggur ráðherra fram tillögu til þingsályktunar um breytingu á stefnu og aðgerðaráætlun.

Að baki þessu býr sú hugsun að eðlilegt sé að nýtt Alþingi samþykki heildstæða stefnumörkun á hverju sviði fyrir sig á kjörtímabilinu og geri aðeins þær breytingar á henni sem þörf er á hverju sinni, eins og segir í greinargerð frumvarpsins. Að mati ráðuneytisins gerir þetta bæði undirbúning og meðferð slíkra breytingatillagna einfaldari og markvissari en nú er.